



Áfram kröftugur vinnumarkaður

Veruleg fjölgun fólks á vinnumarkaði

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru tæplega 202 þúsund manns starfandi á íslenskum vinnumarkaði í júlí sem er svipaður fjöldi og í júlí í fyrra. Starfandi fólki hefur fjölgað um rúmlega 2 þúsund frá því í júlí 2016. Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal fjölgaði starfandi fólki um u.þ.b. 6.300 milli júlí 2016 og júlí 2017, eða um 3,4%. Vegna árstíðasveiflunnar sem jafnan kemur fram í tölum Hagstofunnar ætti sú tala að gefa betri mynd af þróuninni á vinnumarkaðnum.

Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í júlí byggir á svörum frá 789 einstaklingum, eða um 0,4% af fjölda fólks á vinnumarkaði, þannig að skekkjumörk niðurstaðna eru töluverð.

Atvinnuþátttaka í hæstu hæðum


Atvinnuþátttaka er ennþá mjög mikil í sögulegu samhengi og var rúmlega 83% af heildarfjölda virks vinnuafls nú í júlí, sem er þó lægra hlutfall en í maí og júní. Tölf mánaða meðaltal sýnir að þátttakan hefur verið tæp 84% síðustu mánuði. Hlutfall starfandi var 82,5% í júlí og 12 mánaða meðaltal hlutfallsins var 81,1% í júlí, sem er eilítið lægra en það var mánuðina á undan.

Atvinnuleysi að nálgast sögulegt lágmark

Samkvæmt mælingum Hagstofunnar var atvinnuleysi 1% í júlí sem er lægsta mæling frá því Hagstofan hóf mælingar 2003. Árstíðasveifla í tölum Hagstofunnar er jafnan mikil og vikmörk 1% atvinnuleysis eru 0,8 stig í báðar áttir.


Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða var 2,8% í júlí sem er lægsta tala frá því í nóvember 2008. Skráð atvinnuleysi samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var 1,8% í júlí og 2,2% að meðaltali síðustu 12 mánuði. Tölur Vinnumálastofnunar sýna fjölda þeirra sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum en tölur Hagstofunnar byggja á mati þátttakenda á eigin stöðu í Vinnumarkaðskönnunum. Síðustu ár hefur atvinnuleysi minnkað jafnt og þétt, en verulega hefur hægt á þeirri þróun.

Fjöldi starfandi - 12 mánaða hlaupandi meðaltal




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnumálastofnunar



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild



Fjölgun starfa skiptir mestu



Vinnutími hefur haldist nokkuð óbreyttur síðustu mánuði, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Það þýðir að fjölgun vinnustunda skýrist fyrst og fremst af fjölgun þeirra sem starfa. Sé litið á 12 mánaða meðaltöl hefur starfandi fólki fjölgað um 3,6% og meðalvinnutími styst um 0,2 stundir eða um 0,4%. Heildarvinnustundum hefur því fjölgað um rúm 3% á einu ári frá júlí 2016 til júlí 2017.

Erlendu starfsfólki fjölgar mikið.

Í því þensluástandi sem nú ríkir er fjölgunin á íslenskum vinnumarkaði aðallega knúin áfram af erlendu vinnuafli. Á 2. ársfjórðungi 2017 voru erlendir ríkisborgarar hér á landi um 35.500, eða um 10% af þjóðinni, og hafði fjölgað um 5.600, eða 19%, á einu ári. Á fjórðungnum var fjöldi aðfluttra erlendra ríkisborgara umfram brottflutta 3.130 manns, þar af voru þrír af hverjum fjórum á aldrinum 20-39 ára. Á sama tímabili fjölgaði þjóðinni allri um 2,4% og þar af innlendum ríkisborgurum um 0,8%. Fjöldi aðfluttra erlendra ríkisborgara var sérstaklega mikill á 2. ársfjórðungi 2017. Þessu til viðbótar er vitað að erlendu starfsfólki hjá starfsmannaleigum hefur fjölgað mikið, en ekki eru til áreiðanlegar tölur um innflutning á tímabundu vinnuafli.

Mjög kröftugur vinnumarkaður

Stór hluti fyrirtækja telur sig enn búa við skort á starfsfólki og hefur staðan hvað það varðar lítið breyst frá síðasta ári. Það er því ljóst að vinnumarkaðurinn er mjög kröftugur um þessar mundir og mikilli eftirspurn eftir vinnuafli er að mestu leyti mætt með erlendu starfsfólki.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.